

01.10.2010

Fréttir frá Sóltúni 2. tbl.9.árg. 2010

FRANSKIR ÞEMADAGAR VERÐA Í SÓLTÚNI 13-15. OKTÓBER 2010



Á hverju ári hafa verið haldnar þemavikur sem ávallt hafa reynst hin besta skemmtun. Í fyrra var fjölmenningsvika í september og gleði og hamingjuvika í maí. Árið 2008 voru „Írskir dagar” í maí, og „Norskir dagar” voru í sama mánuði árið 2007. Færeyskir dagar voru í september 2006 og „Breskir dagar” í mars sama ár. Árið 2005 voru „Danskir dagar” í nóvember og „Amerískir dagar” í apríl 2004.

Þegar þemadagar eru þá er matseðill skipulagður í samræmi við þemað, lista- og menningarviðburðir sem tengjast efninu og fagnaðir skipulagðir. Húsið er skreytt og heimilin í hverri álmu og hverri hæð skreytt. Nú liggur fyrir glæsileg dagskrá, sjá nánar á næstu blaðsíðum. Húsinu hefur verið skipt niður í hverfi Parísarborgar og mun dómnefnd skipuð stjórn íbúa- og vínafélagsins fara um húsið og meta hvernig til tekst með skreytingar, hugmyndaauðgi, frumleika og veita viðurkenningar.

1. hæð B og C álma verður 5. hverfi Latínuhverfið

Þar eru sögufrægar byggingar s. s., Sorbonne háskólinn, Parísar moskvan, Cluny safnið, sútaragatan Rue Moffetard, Kirkjan Stefán á fjallinu eða St. Etienne, markaðir, matsölustaðir, krár og kaffihús. Angan af fjölbreyttu sjávarfangi leggur um götur, allskonar grænmeti og vínflöskur í röðum. Fallegi garðurinn Jardin des Plantes er í Latínuhverfinu.

1. hæð D og Eálma verður 2. hverfi Opéra

Göngugatan Rue Montereau er fræg fyrir góðar sælkeraverslanir, útikaffihús og fólk sem spilar tónlist, teiknar og leikur.

2. hæð B og C álma verður 3.- 4. hverfi Le Marais (Mýrin)

Mýrin er elsta og best varðveitta hverfi Parísarborgar, þar er andi liðinna tíma sem svífur yfir vötnum, smáhallir frá 17. öld, Pompidou safnið og Notre dame kirkjan.

2. hæð D og Eálma verður 7. hverfi Champs-Elysées Etoile

Þar er ein frægasta breiðgata í heimi kölluð Sigurbrautin. Sigurboginn Arc de Triomphe er 50 m hár og ganga 12 stræti út frá honum og mynda stjörnu. Kvikmyndahús, glæsiverslanir sem selja dýrar merkjavörur og kaffihús einkenna breiðstrætin.

3. hæð B og C álma verður 17. hverfi Montmartre

Listamannahverfið er hæðótt og tröppum þakið og frá Sacre Cour kirkjunni er gott útsýni yfir borgina. Bak við kirkjuna eru veitingastaðir og minjagripaverslanir með þorpslegu yfirbragði og listamenn að verki.

3. hæð D og E álma verður 3.- 4. hverfi Le Marais (Mýrin)

Mýrin er elsta og best varðveitta hverfi Parísarborgar, þar er andi liðinna tíma sem svífur yfir vötnum, smáhallir frá 17. öld, Pompidou safnið og Notre dame kirkjan.

Skrifstofan verður 14. hverfi Montparnasse

Gamla listamannahverfið, þar sem Jean Paul Satre og Simone de Beauvoir eru grafin. Hverfi frægra danssala og cabarets staða á tímum frönsku byltingarinnar á 18.öld.

Sjúkrahjálfun verður 17. hverfi Montmartre

Listamannahverfið er hæðótt og tröppum þakið og frá Sacre Cour kirkjunni er gott útsýni yfir borgina. Bak við kirkjuna eru veitingastaðir og minjagripaverslanir með þorpslegu yfirbragði og listamenn að verki.

Samkomusalurinn verður kaffihúsið „**Cafe de Flore**“ frá 6. hverfi Parísar við Boulevard Saint-Germain þar sem sagan segir að Simone de Beauvoir og Jean Paul Sartra hafi oft setið í heimspekilegum umræðum um tilvistina. Kaffihúsið er í umsjón eldhússins, húsumsjónar og ræstingar og iðjuþjálfunar.

Dagskrá 13.október miðvikudag

Morgunverður í borðstofum –Petit-dejuner

Franskt-íslenskt morgunverðarhlaðborð og croissants

Franskur fáni dreginn að húni

Frönsk músík mun hljóma um allt hús alla dagana

Kl. 10: 30 Frönsk bíómynd „La Vie en Rose” með Edith Piaf, fyrri hluti í kvikmyndasal Cafe de Flore

Hádegisverður í borðstofum

Plat principal—Beikon baka með salati frá Nice -Quiche lorraine, salade nicoise

Desserts—Karamellubúðingur—Crème au caramel

Cafe de Flore kl 14.15

Elín Pálmadóttir blaðamaður segir frá sögu franskra sjómanna við Íslandstrendur. Áhrifamikil saga þeirra og fjárhagsleg áhrif á heimaslóðum sjómannanna er rakin í bók Elínar „Fransí Biskví –franskir sjómenn við Íslandsstrendur. Þriggja alda baráttusaga.”



Börnir verða fram Franskir og íslenskir ostar, vínber, baquettes og makkarónukökur og boðið verður uppá Pinot Gris.

(Selection de fromages affinés, baquettes et macaroons)

Kvöldverður í borðstofum

Plat principal—Lambafrigasse, kartöflur og nýtt grænmeti

—Navarin d’agneau aux pommes de terre

Desserts—Apríkósugrautur— Tajine de abricots

Dagskrá 14.október fimmtudag

Morgunverður í borðstofum—Petit-dejuner

Franskt morgunverðahlaðborð -baquettes

Frönsk músík hljómar um allt hús

Kl. 10: 30 Frönsk bíómynd „La Vie en Rose” með Edith Piaf, seinni hluti í kvikmyndasal Café de Flore

Hádegisverður í borðstofum

Entrée—Lauksúpa—Soupe á l'oignon

Plat principal—Rauðspretturéttur, kartöflur, grænmeti, sósa—Filet de soles á la sauce, pommes de terre, légumes

Dómnefnd skipuð stjórn íbúa– og vinafélagsins heimsækir hverfin og metur árangur

Kaffitími í borðstofum

Kaffi, te og Pain súkkulaðistykki—Café, thé et Pain au chocolat

Hátíðarkvöldverður borinn fram í borðstofum kl. 18:00

Plat principal—Lambalæri, franskar kartöflur, steikt grænmeti, bernaisesósa– Gigot d'agneau, pommes allumettes, rôti légumes, sauce béarnaise

Desserts—Frönsk súkkulaðiterta m/ þeyttum rjóma—Tarte chocolat et crème fouettée

Söngskemmtun á Café de Flore kl. 19:30

Brynhildur Guðjónsdóttir söng– og leikkona syngur frönsk lög á Cafe de Flore við undirleik Jóhanns G. Jóhannssonar



Á barnum á Cafe de Flore verður hægt að fá léttvín og bjór –vin rouge, vin blanc, bièrs

Dagskrá 15.október föstudag

Morgunverður

Franskt –íslenskt morgunverðahlaðborð og croissants

Kl. 10:30 kvikmyndin „Le Petit Nicolas” sýnd í kvikmyndasal Cafe de Flore

Hádegisverður í borðstofum

Plat principal -Kjúklingur í rauðvíni, soðnar kartöflur

-Coq au vin, pommes de terre

Desserts—Ávaxtasalat -Salade et fruits de saison

Frönsk – íslensk messa kl. 14:00

Ritningalestur og bæn verða flutt bæði á íslensku og frönsku. Hugvekju flytur Ásdís Pétursdóttir Blöndal djákni. Örn Arnarson syngur og undirleikari er Gunnar Gunnarsson. Stundina leiðir Jón Jóhannsson djákni Sóltúns.

Kaffitími í borðstofum

Kaffi, te og pönnukökur, súkkulaðisósa og rjóma- Café, thé et Crepes bretonnes

Kvöldverður í borðstofum

Plat principal—Smurt brauð með laxakæfu, áleggi—Pains bruns, rillettes de saumon

Desserts - Hrísrjónagrautur—Teurgoule

Íbúar geta boðið með sér ættingja sínum (1-2) á hátíðarkvöldverðinn. Verð fyrir gesti er 2.500.– í hátíðarkvöldverðinn 14. október kl. 18. Skrá þarf þátttöku í móttöku ekki síðar en fyrir klukkan 16 þann 12. október. (sími 590-6000)